

innar, því að ef um væri að ræða beina fúgetagerð, sem ekki stýddist við dóm, mundi því líkt ekki vera til hindrunar, ef fúgeti teldi réttinn nógu glöggan og skíran. Þeim mun síður gagnar þessi mótbára, þegar um framkvæmd endanlegs dóms Hæstaréttar er að ræða. Um aðrar varnarástæður gerðarþola er óþarft að fjölyrða, þar sem í dómsúrlausnum þeim, sem útburðarkrafan byggist á, hefur afstaða verið tekin til þeirra.

Það er þannig aldeilis augljóst, að fallast þer á kröfu gerðarbeiðanda.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Hinn reglulegi bæjarfúgeti, Sigurgeir Jónsson, hefur vikið sæti í máli þessu, og er úrskurðurinn kveðinn upp af Steingrími Gaut Kristjánssyni setubæjarfúgeta.

Ályktarorð:

Hin umbeðna útburðargerð skal fara fram.

Gerðarþoli, Margrét Hjaltested, greiði gerðarbeiðanda, Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested, kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðarins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. maí 1969.

Nr. 87/1969. **Áki Gränz og Jósafat Arngrímsson**
 gegn
Birgi Þorvaldssyni og
Jóni Sveinssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa með heimild í 21. gr., 1, b, laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. apríl 1969, er barst dómnum 9. maí 1969. Gera sóknaraðiljar þær dómkröfur, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur,

lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma efni máls og að varnaraðiljum verði gert að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar héraðsdóms og kærumálskostnaðar óskipt úr hendi sóknaraðilja.

Með skirskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Sóknaraðiljar greiði varnaraðiljum óskipt kærumálskostnað, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Áki Gränz og Jósafat Arngrímsson, greiði varnaraðiljum, Birgi Þorvaldssyni og Jóni Sveinssyni, óskipt kærumálskostnað, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. apríl 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 11. þ. m., hafa þeir Áki Gränz og Jósafat Arngrímsson, báðir til heimilis í Ytri-Njarðvík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 12. nóvember 1968, á hendur þeim Birgi Þorvaldssyni framkvæmdastjóra, Hjarðarhaga 29, og Jóni Sveinssyni rafvirkjameistara, Óðinsgötu 9, báðum í Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum kr. 621.050.10 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. maí 1965 til 31. desember 1965, 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1966 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt mati réttarins.

Dómkröfur stefndu eru aðallega þær, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara krefjast stefndu sýknu af öllum kröfum stefnenda. Í báðum tilvikum er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum að mati dómsins.

Í þessum dómi er fjallað um formhlið málsins, frávísunarkröfu stefndu.

Leitazt hefur verið við að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Hinn 31. marz 1964 gerðu stefnendur og stefndu með sér samn-

ing um kaup á hlutabréfum Ísfélags Keflavíkur h/f, svohljóðandi:
 „Vér undirritaðir, Jósafat Arngrímsson, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, og Áki Gränz, Heimakletti, Ytri-Njarðvík, eigendur hlutabréfa í Ísfélagi Keflavíkur h/f, Keflavík, í samningi þessum nefndir seljendur, og vér undirritaðir, Jón Sveinsson og Birgir Þorvaldsson, í samningi þessum nefndir kaupendur, gerum með oss svohljóðandi samning um kaup á hlutabréfum Ísfélags Keflavíkur:

KAUPSAMNINGUR

1. Seljendur lofa að selja kaupendum hlutabréf sín í Ísfélagi Keflavíkur h/f, eins og nánar greinir hér á eftir:

2. Verð hins selda skal vera í samræmi við efnahagsreikning, dagsettan 17. marz 1964, en niðurstöðutölur hans eru kr. 9.652.973.95, enda yfirtaka kaupendur eignir og skuldir fyrirtækisins, sem nema framangreindri fjárhæð, þar á meðal kaup á hlutabréfum á nafnverði, kr. 22.000.00, er greiðast núverandi eigendum.

3. Í yfirtöku skulda felst, að kaupendur taka m. a. að sér að semja um að greiða skuld fyrirtækisins við Póst- og símamálastjórnina, að fjárhæð ca. kr. 2.659.000.00 ásamt vöxtum og öðrum kostnaði af þeirri skuld, þar á meðal innheimtulaunum.

4. Í yfirtöku skulda felst sömuleiðis að semja um og greiða skuld við Messrs. Anthony Gibbs Ltd., London, að fjárhæð kr. 2.168.350.00 (£ 18.000), ásamt vöxtum og kostnaði, og semja við Brekkes Ltd. og Pétur Einarsson í samræmi við samninga við þá aðila, þ. e. við Brekkes Ltd. vegna sölusamnings fyrir framleiðslu ársins 1964, og við Pétur Einarsson, vegna umboðslauna, er hann kynni að eiga kröfu til vegna sölusamningsins við Brekkes Ltd.

5. Kaupendur lofa að losa seljendur með samningum við skuldheimtumenn fyrirtækisins úr persónulegum ábyrgðum og veðum vegna skulda fyrirtækisins. Ef fjárnám eða löghald verður gert í persónulegum eignum seljenda vegna einhverra hinna yfirteknu skulda Ísfélags Keflavíkur h/f á tímabilinu fram að 25. maí 1964, er samningur þessi þegar úr gildi fallinn.

6. Kaupendur lofa enn fremur að yfirtaka Kassagerð Suðurnesja h/f og Prentsmiðju Suðurnesja h/f samkvæmt efnahagsreikningi þeirra fyrirtækja til dagsins í dag, þó þannig, að kaupverð þeirra fyrirtækja fari ekki fram úr kr. 850.000.00, allt eftir nánara samkomulagi, en kaupendur lofa að losa seljendur undan persónulegum ábyrgðum vegna þeirra fyrirtækja, er nema ca. kr. 200.000.00.

Sem greiðslu á kaupverði þeirra fyrirtækja taka kaupendur að sér að semja um og greiða skuld við Messrs. Clark Built Williams Ltd. fyrir frystitæki, sem koma ekki fram á efnahagsreikningi Ísfélags Keflavíkur h/f, dags. 17. marz 1964, og losa seljendur undan persónulegum ábyrgðum og veðsetningum í því sambandi. Skal þetta gert fyrir 25. maí 1964.

Hugsanlegur mismunur á kaupverðinu og hinni yfirteknu skuld skal gerður upp sérstaklega eftir nánara samkomulagi.

7. Seljendur skuldbinda sig til að greiða alla áfallna reikninga, sem kunna að hafa gleymzt við uppgjör án innkallana, sé til skuldarinnar stofnað fyrir 13. febrúar 1964, en kaupendur skuldbinda sig til að greiða allar skuldir, er til hefur verið stofnað frá og með sama degi að telja, þar á meðal kostnað við að ganga frá lánnum við Framkvæmdabanka Íslands og Fiskimálasjóð, er féllu í gjalddaga hinn 28. febrúar 1964, svo og alla áfallna vexti og opinber gjöld, er á kunna að verða lögð vegna rekstursins fram til dagsins í dag.

8. Kaupendur taka að sér greiðslur launa til fastráðinna starfsmanna frá og með 13. febrúar 1964, að undanteknum þeim Albert K. Sanders og Aðalsteini Sigurðssyni.

9. Trésmíðaherbergi Aðalsteins Sigurðssonar í húsi fyrirtækisins verður rýmt með viku fyrirvara frá undirritun þessa samnings.

10. Tryggingariðgjöld vegna Ísfélags Keflavíkur h/f eftir 13. febrúar 1964 greiðast af kaupendum, miðað við gjalddaga iðgjalda.

11. Við undirskrift samnings þessa skal ákveðið, hvort endurskoðunarskrifstofa Þorgeirs Sigurðssonar og Verzlunin Kyndill verða áfram í húsnæði Ísfélags Keflavíkur h/f eða eigi, enda skal gerður leigusamningur sama dag, ef þessir aðilar verða áfram í húsnæðinu.

12. Undanskilið við sölu eru afgreiðsluborð og lausar innréttingar í verzlunarhúsnæðinu, er tilheyra verzluninni Kyndli h/f.

13. Ef kaupsamningur þessi af einhverjum ástæðum eigi verður endanlega bindandi fyrir seljendur hinn 25. maí 1964, skulu kaupendur greiða seljendum leigu fyrir afnot af eignum fyrirtækisins frá deginum í dag til þess tíma. Skal gerður um þetta sérstakur leigusamningur, er undirrita skal á sama degi og þenna samning, en sá leigusamningur kemur eigi til framkvæmda, ef af endanlegum kaupum verður.

14. Engar frekari veðsetningar, aðrar en fram koma á nefndum efnahags og rekstrarreikningi, nema til tryggingar þeim

skuldum, er ófrágengið er nú, skulu heimilaðar nema í samráði við og með samþykki lögfræðinga seljenda á tímabilinu fram til 25. maí 1964. Ríkistryggð bréf, er kunna að fást út á eignir Ísfélagsins, skulu eingöngu notuð til greiðslu á skuld við Póst- og símamálastjórnina, og skal óheimilt að ráðstafa þeim á annan hátt nema með samþykki lögfræðinga seljenda.

15. Aðilar hafa komið sér saman um, að á tímabilinu fram til 25. maí 1964 skuli Þorgeir Sigurðsson, endurskoðandi, Keflavík, einn hafa prókúru fyrir Ísfélag Keflavíkur h/f.

16. Um útborganir af hálfu kaupenda til seljenda er samkvæmt framanskráðu ekki að ræða. Greiðslu fyrir hlutabréf og tryggingariðgjöld, sem greidd kunna að hafa verið fyrirfram, verður samið um við yfirtöku Kassagerðar Suðurnesja h/f og Prentsmiðju Suðurnesja h/f svo og reikninga, er seljendur kunna að hafa greitt, en kaupendur hefðu átt að greiða samkvæmt efnahags- og rekstrarreikningi Ísfélags Keflavíkur h/f, sem að framan er vísað til.

17. Skilyrði fyrir því, að samkomulag þetta sé endanlega bindandi fyrir seljendur, er, að samningar um skuldir við framangreinda skuldheimtumenn og lausn seljenda frá persónulegum ábyrgðum og veðsetningum hafi tekizt eigi síðar en 25. maí 1964.

18. Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir bæjarþingi Keflavíkur án atbeina sáttamanna.

19. Samningur þessi er gerður í 2 samhljóða eintökum og halda seljendur öðru og kaupendur hinu“.

Stefndu tóku við eignum Ísfélags Keflavíkur h/f, sem aðallega voru hraðfrystihús ásamt tilheyrandi vélum og áhöldum. Hófu þeir rekstur hraðfrystihússins.

Hinn 14. apríl 1964 var haldinn aukaaðalfundur í Ísfélagi Keflavíkur h/f. Voru þá mættir allir hinir nýju hluthafar í hlutfélaginu, sem voru þá orðnir þessir: Jón Sveinsson, Birgir Þorvaldsson, Einar Karl Magnússon, Guðrún Einarsdóttir og Jórunn Rósmundsdóttir. Á fundi þessum voru þeir Jón Sveinsson, Birgir Þorvaldsson og Einar Karl Magnússon kosnir í stjórn félagsins. Var stjórninni falið á fundi þessum að sjá um tilkynningar til firmaskrár Keflavíkur. Tilkynning til firmaskrár Keflavíkur er dagsett 14. apríl 1964.

Eftir stuttan rekstur komst Ísfélag Keflavíkur h/f í greiðsluvanskil. Stefndu sömdu hvorki við póst- og símamálastjórnina um greiðslu á þeirri skuld, sem getið er í 3. lið kaupsamningsins hér

að framan, né heldur við fyrirtækið Messrs. Anthony Gibbs Ltd., London, um greiðslu á skuld þeirri, sem getið er um í 4. lið nefnds kaupsamnings. Á nauðungaruppboði 21. október 1964 var frystihús Ísfélags Keflavíkur h/f selt ásamt tækjum. Póst- og símamálastjórnin var hæstbjóðandi í eignir þessar og fékk þær útlagðar sem ófullnægður veðhafi á uppboðsþingi 27. október 1964. Í útlagningargerðinni er talið, að eftirstöðvar kröfu póst- og símamálastjórnarinnar á hendur Ísfélagi Keflavíkur h/f nemi kr. 948.392.02 og að upp í kröfu Anthony Gibbs Ltd., kr. 2.168.350.00, hafi engin greiðsla komið við uppboðið. Bú Ísfélags Keflavíkur h/f var tekið til gjaldprotaskipta með úrskurði 11. desember 1964, en skiptum er enn eigi lokið.

Stefnendur töldu, að stefndu bæri að standa sér skil á eftirstöðvum kröfu póst- og símamálastjórnarinnar á hendur Ísfélagi Keflavíkur h/f, kr. 948.392.02, svo og á kröfu Anthony Gibbs Ltd., kr. 2.168.350.00. Samtals nema þessar fjárhæðir kr. 3.116.742.02. Hinn 26. apríl 1965 gáfu stefnendur út stefnu á hendur stefndu til greiðslu in solidum á nefndri fjárhæð ásamt vöxtum og kostnaði. Var mál þetta þingfest á bæjarþingi Keflavíkur 7. maí 1965. Dómur í því máli var uppkveðinn á bæjarþingi Keflavíkur 31. október 1967. Í þeim dómi eru stefndu sýknaðir af kröfum stefnenda.

Dómi þessum vildu stefnendur eigi una og áfrýjuðu honum til Hæstaréttar. Stefndu gagnáfrýjuðu undirréttardóminum til staðfestingar og kröfðust greiðslu málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í Hæstarétti gekk dómur í málinu hinn 15. maí 1968, og urðu málsúrslit þar á sömu lund og í undirrétti. Í forsendum Hæstaréttardómsins segir m. a. svo: „Samkvæmt ákvæðum 3. og 4. greinar kaupsamnings aðilja frá 31. marz 1964 skulu gagnáfrýjendur „semja um og greiða“ skuldir Ísfélags Keflavíkur h/f við póst- og símamálastjórnina og Anthony Gibbs & Sons Ltd. Hins vegar er þar ekki áskilið, að gagnáfrýjendur skuli greiða aðaláfrýjendum fé, ef eigi verði staðið í skilum við þessa kröfuhafa, og engin gögn hafa komið fram í málinu um, að aðaláfrýjendur hafi greitt skuldir þessar að meira eða minna leyti. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber aðaláfrýjendum að greiða gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilegur kr. 40.000.00“.

Stefndu hvorki sömdu um né greiddu skuld þá við firmað

Anthony Gibbs & Sons Ltd., sem um getur í 4. lið kaupsamningsins hér að framan. Kveðast stefnendur því hafa hafið samninga við firma þetta. Leiddu þeir samningar til þess, að lögmaður stefnenda, Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður, greiddi umboðsmanni Anthony Gibbs & Sons Ltd., Einari Baldvin Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni, fjárhæð þá, sem um er stefnt í máli þessu. Kvittun fyrir greiðslu þessari er dagsett 15. maí 1965 og hljóðar svo:

„Krafa Anthony Gibbs & Sons, Ltd., London, á hendur Ísfélagi Keflavíkur h/f £ 18.000-0-0, að frádrögnum kr. 86.560.00, samkvæmt 3 vixlum, hverjum að fjárhæð £ 6.000-0-0 með gjalddögum 29. febr., 31. marz og 30. apríl 1964 og sama krafa skv. víxli að fjárhæð kr. 2.168.350.00, útgefnum af Pétri Einarssyni á hendur Ísfélagi Keflavíkur h/f og samþykktum af félaginu með gjalddaga 1. nóvember 1964, tryggðum samkvæmt tryggingarbréfi, útgefnu 20. júní 1964, með 10. veðrétti í fasteignum Ísfélags Keflavíkur h/f í Keflavík, en með 13. veðrétti samkvæmt veðbókarvottorði bæjarfógetaskrifstofunnar í Keflavík, dags. 14. okt. 1964.

Hrl. Áki Jakobsson hefir í dag greitt mér undirrituðum, f. h. Anthony Gibbs & Sons, Ltd., kr. 581.050.10, að viðbættum kr. 40.000.00 upp í kostnað, eða samtals kr. 621.050.10, til fullrar og endanlegrar lúkningar á ofangreindri kröfu. Fær greiðandi kröfunnar þann rétt, er greiðsla hennar veitir honum lögum samkvæmt. Fari svo að riftunarmál, er höfðuð kunna að verða af þrotabúi Ísfélags Keflavíkur h/f eða einstökum kröfuhöfum búins, leiði til þess, að greitt verði meira af kröfunni en kr. 621.050,10, skal það, sem umfram greiðist, falla til Anthony Gibbs & Sons, Ltd.“

Stefndu styðja frávísunarkröfu sína þeim rökum, að sakarefni máls þessa sé þegar dæmt með dómi bæjarþings Keflavíkur 31. október 1967 og dómi Hæstaréttar 15. maí 1968 milli málsaðilja þessa máls. Telja stefndu, að sakarefnið verði ekki aftur borið upp til úrlausnar fyrir hliðsettum dómstóli. Sakarefnið sé þegar res judicata. Niðurlag fyrrgreindra dóma segi til um það, um hvað þeir séu bindandi úrslit sakarefnis. Þeir séu án vafa sýknudómar, þ. e. að stefndu séu sýknaðir af greiðslu kröfu stefnenda. Sérstaklega vekja stefndu athygli á því, að fyrra málið milli aðiljanna hafi verið höfðað fyrir bæjarþingi Keflavíkur 7. maí 1965. Þann 15. maí 1965 virðast stefnendur hafa greitt hina umstefndu skuld að hluta gegn fullnaðarkvittun. Þrátt fyrir það

séu engin gögn lögð fram í fyrra málinu um þetta atriði. Heldur séu stefndu krafðir um alla fjárhæðina, þ. e. £ 18.000-0-0. Það sé því eingöngu sök stefnenda, að gögn um þetta atriði komu eigi fram í hinu fyrra máli. Geti stefnendur því eigi höfðað nýtt mál á hendur stefndu á grundvelli þessara gagna, þar sem þeim hefði borið að koma þeim að í hinu fyrra málinu, ef þeir hefðu ætlað til þess, að til þeirra yrði tekið tillit sem málsástæðu.

Stefnendur krefjast þess, að frávisunarkröfu stefndu verði hrundið. Rökstyðja þeir þá kröfu sína með því, að málsgrundvöllurinn í fyrra og síðara málinu sé ólíkur. Í fyrra málinu hafi verið krafid um greiðslu samkvæmt 4. og 5. lið í framangreindum kaupsamningi málsaðiljanna frá 31. marz 1964. Í þessu máli sé hins vegar krafid um endurgreiðslu á því fé, sem stefnendur hafa innt af hendi upp í kröfu firmans Anthony Gibbs & Sons Ltd. að fjárhæð kr. 621.050.10. Ekki hafi verið unnt að bera fram þessa kröfu, fyrr en Hæstaréttardómur um gildi fyrrgreinds kaupsamnings hafi verið genginn í máli aðiljanna fyrir Hæstarétti. Það hafi verið 15. maí 1968. Þá fyrst hafi verið unnt að bera fram þá kröfu, sem stefnendur hafa nú uppi á hendur stefndu.

Svo sem áður getur, var fyrra málið milli sömu málsaðilja þingfest fyrir bæjarþingi Keflavíkur 7. maí 1965. Hinn 15. maí 1965 greiðir lögmaður stefnenda, Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður, umboðsmanni Anthony Gibbs & Sons Ltd., Einari B. Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 621.050.10 „til fullrar og endanlegrar lúkningar á“ kröfu Anthony Gibbs & Sons Ltd. á hendur Ísfélagi Keflavíkur h/f.

Dómur í máli aðiljanna var kveðinn upp 31. október 1967 á bæjarþingi Keflavíkur, en í Hæstarétti 15. maí 1968. Hvorki fyrir bæjarþingi Keflavíkur né fyrir Hæstarétti var sú málsástæða borin fram af hálfu stefnenda, að þeir hefðu þegar greitt firmanu Anthony Gibbs & Sons Ltd., svo sem að ofan getur. Gáfu þó varnir stefndu í fyrra málinu stefnendum tilefni til þess, því að í greinargerð stefndu í því máli sagði m. a. svo: „Meðan sóknaraðiljar hafa ekki greitt skuldir þessar (þ. e. við Anthony Gibbs & Sons Ltd. og póst- og símamálastjórnina, innskot dómara), þá geta þeir að sjálfsögðu ekki heldur krafid um bj. m. Sóknaraðiljar hafa ekki orðið fyrir neinu tjóni í þessu sambandi. Þegar af þessari ástæðu er ekki um neinar fjárkröfur að ræða, sem sóknaraðiljar eiga á hendur um bj. m. Leiðir þetta réttaratriði að sjálf-sögðu til sýknu um bj. m.“.

Úr því að stefnendur gátu í fyrra málinu komið að málsástæðu

þeirri, er þeir nú byggja á í þessu máli, og var jafnframt gefið sérstakt tilefni til þess af hálfu stefndu, verður að fallast á það með þeim, að stefnendur geti eigi nú höfðað nýtt mál á hendur stefndu á grundvelli málsástæðu, sem þeir vel máttu koma að í fyrra málinu, en gerðu eigi. Ber því samkvæmt reglunum um res judicata að vísa þessu máli frá dómi ex officio, sbr. 2. mgr. 196. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verða stefnendur dæmdir in solidum til að greiða stefndu málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio. Stefnendur, Áki Gränz og Jósafat Arngrímsson, greiði stefndu, Birgi Þorvaldssyni og Jóni Sveinssyni, in solidum kr. 25.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. maí 1969.

Nr. 88/1969. **Eyjólfur Bjarnason**
 gegn
Hellugleri h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 21. gr., 1, g. laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. apríl 1969, er barst dóminum 9. maí 1969. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði dæmt að setja tryggingu, kr. 187.000.00 eða lægri fjárhæð samkvæmt mati dómsins, fyrir hugsanlegum málskostnaði sóknaraðilja í bæjarþingsmálinu nr. 689/1968: Hellugler h/f gegn Eyjólfvi Bjarnasyn og gagn-